

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir sjálfseignarstofnunina Skaftfell.

### 1. gr.

#### *Nafn og heimili.*

Heiti félagsins er Skaftfell. Heimilisfang félagsins er að Austurvegi 42, Seyðisfirði.

### 2. gr.

#### *Tilgangur og markmið.*

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að stuðla að eflingu lista- og menningarlífs á Seyðisfirði. Þá er tilgangur félagsins m.a. að reka listsýningar-, menningar- og kynningar- miðstöð í húsnæði stofnunarinnar að Austurvegi 42, Seyðisfirði. Jafnframt er stefnt að því að þar verði til útleigu íbúð fyrir listamenn og einnig að rekin verði veitingasala í tengslum við félagsstarfsemi.

### 3. gr.

#### *Stofnfé.*

Stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar er fasteignin Austurvegur 42, Seyðisfirði, sem er gjöf þeirra hjóna Garðars Eymundssonar og Karólínu Þorsteinsdóttur, Seyðisfirði til félagsins, til eflingar menningar- og listalífi á Seyðisfirði. Jafnframt tekur stofnunin við þeim fjármunum og verðmætum, sem svokölluðum Skaftfellshópi hefur áskotnast.

### 4. gr.

#### *Stjórn stofnunarinnar.*

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum og varamönnum þeirra. Skulu þeir tilnefndir til 3 ára í senn.

Stjórnin skal tilnefnd af eftirtöldum aðilum; hjónin Garðar Eymundsson og Karólína Þorsteinsdóttir (eða börn þeirra hjóna) tilnefni einn, bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar tilnefni einn, að fenginni umsögn menningarmálanefndar bæjarins, Bandalag íslenskra listamanna tilnefni einn og svokallaður Skaftfellshópur, sbr. viðfest fylgiskjal, tilnefni tvo stjórnarmenn. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir fyrir hvern stjórnarmann.

Stjórnin velur sér sjálf formann og varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Hlutverk stjórnar er að vinna að markmiðum sjálfseignarstofnunarinnar og sjá um að rekstur hennar sé í samræmi við markmið og tilgang.

Stjórninni er heimilt að ráða sjálfseignarstofnuninni framkvæmdastjóra og veita honum prókúruumboð.

Stjórnin skal láta gera skýrslu árlega í mars um verkefni og störf á síðasta almanaksári svo og um fyrirhuguð verkefni. Skýrslu þessa skal afhenda þeim sem rétt eiga til að tilnefna stjórnarmenn, svo og öðrum þeim sem stjórnin telur eðlilegt að hafi aðgang að skýrslunni.

Stjórninni er heimilt að skuldbinda stofnunina fjárhagslega og taka lán fyrir hennar hönd. Eigi má þó selja eða veðsetja fasteignir nema til komi samþykki 4/5 hluta stjórnar og að uppfylltu lagaskilyrði því er um slíkt gildir (sbr. nú 5. gr. laga nr. 19/1988).

## 5. gr.

*Reikningar og endurskoðun.*

Reikningsár sjálfseignarstofnunarinnar er almanaksárið. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða ársreikninga og skal þeirri endurskoðun lokið í apríl ár hvert fyrir síðasta starfsár. Senda skal ársreikninginn áritaðan og samþykktan af stjórn og endurskoðanda til tilnefningaraðila stjórnarmanna svo og til Ríkisendurskoðunar sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Auk ársreiknings skal senda þessum aðilum skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á næstliðnu ári.

## 6. gr.

Tekjur sjálfseignarstofnunarinnar eru tekjur vegna reksturs lista- og menningar- miðstöðvarinnar, sem rekin verður í fasteign stofnunarinnar að Austurvegi 42, Seyðisfirði, svo og aðrar tekjur af starfsemi hennar, svo og framlög frá ríki eða stofnunum þess, sveitarfélögum, félagasamtökum og einstaklingum.

## 7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður því aðeins breytt að allir þeir, sem tilnefna menn í stjórn séu sammála um breytinguna.

## 8. gr.

Sjálfseignarstofnun þessi verður ekki lögð niður nema með samþykki allra tilnefningaraðila. Verði svo skal eigum hennar ráðstafað af tilnefningaraðilum, sbr. 4. gr. og skal miðað við að verðmætum stofnunarinnar verði ráðstafað til eflingar lista- og menningarlífi á Seyðisfirði.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. janúar 2004.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

**Fylgiskjal.****LÖG  
Skaftfellshópsins á Seyðisfirði.**

## 1. gr.

Heiti félagsins er Skaftfellshópurinn á Seyðisfirði, áhugafélag um menningu og listir.

## 2. gr.

Stofnendur félagsins eru: Arnbjörg Sveinsdóttir, Þóra Guðmundsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Aðalheiður Borgþórsdóttir, Inga Jónsdóttir, Gréta Garðarsdóttir, Ólafía María Gísladóttir, María Gaskell, Unnur Óskarsdóttir, Guðrún Ragna Garðarsdóttir, Jóhanna Gísladóttir, Dieter Roth, Björn Roth, Garðar Eymundsson, Garðar Rúnar Sigurgeirsson, Jónas A. Þ. Jónsson, Einar Bragi Bragason, Magnús Reynir Jónsson, Þorgils Baldursson, Pétur Kristjánsson, Guðjón Egilsson, Þórður Jakobsson og Jóhann Freyr Aðalsteinsson.

## 3. gr.

Hlutverk félagsins er að stuðla að, viðhalda og efla alla menningu og listir á Seyðisfirði, styrkja seyðifirska menningu og auka menningarleg samskipti við aðra menningarstaði og félög hvar sem er í heiminum. Styðja og efla alla starfsemi í Listamiðstöðinni Skaftfelli.

## 4. gr.

Félagsmenn geta allir orðið sem áhuga hafa á starfsemi og markmiðum félagsins og skrifað hafa undir inntökubeiðni og sent stjórn félagsins.

## 5. gr.

Rétt til setu á fundum félagsins hafa allir félagsmenn.

## 6. gr.

Heimilt er að víkja félögum úr félaginu ef þeir verða uppvisir af því að vinna gegn hagsmunum og markmiðum félagsins.

## 7. gr.

Greiðsla félagsgjalda skal fara fram samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins.

## 8. gr.

Reikningsár félagsins er á milli aðalfunda.

## 9. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn ár hvert. Til aðalfundar skal boða með eins tryggum hætti og unnt er hverju sinni. Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi.

## 10. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Stjórn leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.
3. Umræður um skýrslu og reikninga.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning formanns og varaformanns fyrir næsta starfsár.

6. Kosning stjórnar og varastjórnar fyrir næsta starfsár.
7. Kosning endurskoðenda fyrir næsta starfsár.
8. Ákvörðun félagsgjalds.
9. Kosning tveggja fulltrúa félagsins í stjórn Sjálfseignarstofnunarinar Skaftfells samkvæmt skipulagsskrá hennar.
10. Tilnefna fulltrúa í sýningarnefnd Skaftfells þegar þörf er á.
11. Önnur mál.

11. gr.

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundum félagsins.  
Aðalfundur er lögmætur ef rétt er til hans boðað samkvæmt lögum félagsins.

12. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn og jafn margir til vara.

13. gr.

Stjórnin er kjörin til næsta aðalfundar.

14. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum að öðru leyti en því að formaður og varaformaður eru kjörnir á aðalfundi.

15. gr.

Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Hún tekur ákvarðanir um starfsemi og er ábyrg fyrir fjárreiðum og skuldbindingum félagsins.

16. gr.

Stjórnarfundir skal boða með eins tryggum hætti og unnt er hverju sinni. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef allir stjórnarmenn eða varamenn þeirra sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Ef atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

17. gr.

Stjórn félags er skylt að efna til almenns félagsfundar ef minnst fjórðungur félagsmanna óskar þess. Almennir fundir skulu auglýstir á eins tryggilegan máta og unnt er hverju sinni.

18. gr.

Bráðabirgðastjórn félagsins skipa Jónas A. Þ. Jónsson, Þóra Guðmundsdóttir og Garðar Rúnar Sigurgeirsson og fer hún með öll málefni félagsins fram að fyrsta aðalfundi þess. Þar á meðal að ganga frá og skrifa undir skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Skaftfelli, listamiðstöð, fyrir hönd Skaftfellshópsins á Seyðisfirði.

Seyðisfirði, 13. apríl 1997.